

## 3. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. samþykktarinnar skal vera kr. 5.000, auk þess sem greiða skal kr. 500 í gjald fyrir hvern dag sem hundurinn er í haldi.

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar staðfestist hér með samkvæmt 22. grein laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Gjalddagi vegna gjalda fyrir árið 1995 skal vera 15. desember 1995.

*Umhverfissráðuneytið, 22. nóvember 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

**SAMÞYKKT**

**um breytingu á samþykkt um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 583/1993, sbr. samþykkt nr. 118/1995.**

## 1. gr.

1. málsliður 2. mgr. 12. gr. orðast svo:

Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00.

## 2. gr.

1. mgr. 49. gr. orðast svo:

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs. Varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama lista og hinn kjörni bæjarráðsmaður eru varamenn hans í þeirri röð, sem þeir skipuðu listann.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. nóvember 1995.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*